

Rýmingaráætlun

Breiðdals - og Stöðvarfjarðarskóla

1. Ef brunaviðvörðunarkerfi skólans fer í gang skulu starfsmenn skólans sem ekki eru bundnir yfir nemendum mæta í aðalanddyri. Þar er lesið af kerfinu hvaðan viðvörðunarboð koma.
2. Strax skal hringja í 112 og tilkynna ástand.
3. Ef starfsmaður getur ekki slökkt eld strax með slökkvitæki eða brunaslöngu skal hann loka því rými sem eldur er laus í til að hindra útbreiðslu á reyk.
4. Kennarar í kennslustofum og leikskóla bera ábyrgð á sínum bekk/hóp. Nauðsynlegt er að allar aðgerðir kennara séu framkvæmdar á rólegan og yfirvegaðan hátt til að forðast ótta og skipulagsleysi. Hann hugar að flóttaleið og velur auðveldustu leið út strax.
5. **Skráningaraðili** (Skólastjóri eða staðgengill í húsi) skal staðsettur úti og taka við upplýsingum um fjölda barna frá kennara sem kemur út með sinn bekk.
Hann verður tengiliður við björgunaraðila.
6. Starfsmenn sjá um að rýma skólann sem hér segir:
 - a. Skólaliði 1 sér um setustofu, eldhús og sal.
 - b. Skólaliði 2 sér um salerni, tónlistastofur og bókasafn
 - c. Starfsmenn leikskóla sjá um sitt rými.
7. Þegar komið er út úr skólanum skulu allir fara að sundlaugaringangi (skráning). Kennarar ganga um skugga að allir nemendur þeirra hafi yfirgefið skólann með því að endurtaka nafnakall. Ef nemandi vantar skal koma boðum til skráningaraðila. Að skráningu lokinni skal fara með nemendahópinn í íþróttahúsið, þar sem foreldrar koma að sækja börn sín.
8. Rýmingaráætlun er alltaf að finna upp á vegg við aðalinngang , í skólastofum og þar er líka að finna gátlista fyrir starfsfólk og nafnalista nemenda.
9. Mikilvægt er að foreldrar mæti í íþróttahúsið og sækji börn sín, en verði ekki á skólalóðinni meðan á slökkvistarfi stendur.

Gátlisti skólaliða og starfsfólks á göngum

1. Leitið ykkur upplýsinga um eldsupptök og hvaða rýmingarleið á að fara.
2. Rýmið almenn svæði á hverri hæð.
3. Á leið út skal koma nöfnum til **skráningaraðila** á éim sem hjálpað er út.
4. Aðstoðið kennara við að koma nemendum út ef með þarf.
5. Gætið þess að rýming hússins verði fumlaus og án troðnings.

Gátlisti kennara og starfsmanna í stofum.'

1. Skoðið aðstæður og veljið rýmingarleið.
2. Gangið með börnin þá leið út sem valin hefur verið að söfnunarsvæði við sundlaug.
3. Komið nöfnum á þeim sem vantar í hópinn til **skráningaraðila**.
4. Gerið nafnakall aftur þegar komið er að sundlaugarinngangi og staðfestið talningu til **skráningaraðila**.
5. Gætið þess að rýming hússins verði fumlaus og án troðnings.

Helstu símanúmer:

Grunnskólinn	475-9030
Bókasafn	475-9017
Íþróttahús	475-9046
Sundlaug	475-9046
Slökkvilið Fjarðabyggðar - aðalvakstöð	470-9080
Skólastjóri GSM	847-8662

Neyðarnúmer 112